

Umhverfis- og loftslagsstefna FAS - stefnuskjal

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu (FAS) ætlar að vera til fyrirmynadar í umhverfis- og loftslagsmálum og halda neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi stofnunarinnar í lágmarki. Stofnunin leggur sitt af mörkum til að skuldbindingum íslenskra stjórnvalda gagnvart Parísarsamkomulaginu sé náð og tekur þannig virkan þátt í baráttunni við loftslagsbreytingar.

FAS tryggir að lagalegum kröfum sem tengjast starfsemi skólans sé fylgt og vinnur að stöðugum umbótum á umhverfisstarfi hans. FAS fylgir Grænum skrefum í ríkisrekstri og leggur þau til grundvallar í allri vinnu.

Yfirkmarkmið

FAS ætlar að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) á ársverk um 40% fyrir árið 2030 miðað við árið 2019. Stofnunin stefnir einnig að kolefnishlutlausri starfsemi með því að kolefnisjafna alla eftirstandandi losun frá árinu 2021.

Umfang

Umhverfis- og loftslagsstefna FAS fjallar um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda samkvæmt leiðbeiningum um [loftslagsstefnur opinberra aðila](#). Stefnan tekur til eftirfarandi umhverfisþátta sem unnt er að fylgjast með og mæla hverju sinni:

Samgöngur

- Losun GHL vegna flugferða starfsmanna
- Losun GHL vegna aksturs á bílaleigu- og leigubílum
- Fjöldi þeirra sem uppfylla samgöngusamning milli skólans og starfsfólks

Orkunotkun

- Losun GHL vegna rafmagnsnotkunar í skólabyggingu
- Losun GHL vegna heitavatnsnotkunar í skólabyggingu

Úrgangur

- Losun GHL vegna lifræns úrgangs sem fellur til í skólahúsnaði
- Losun GHL vegna blandaðs úrgangs sem fellur til í skólahúsnaði
- Heildarmagn úrgangs sem fellur til í skólahúsnaði
- Magn útprentaðs skrifstofupappírs í skólahúsnaði
- Endurvinnsluhlutfall í skólahúsnaði

Innkaup

- Pappírsnotkun og prentþjónusta
- Magn skrifstofupappírs sem stofnunin kaupir
- Hlutfall umhverfisvottaðs skrifstofupappírs sem stofnunin kaupir

Efnanotkun og ræstiþjónusta

- Magn ræsti- og hreinsiefna sem stofnunin kaupir
- Hlutfall umhverfisvottaðra ræsti- og hreinsiefna sem stofnunin kaupir

Gildissvið

Stefna þessi tekur til umhverfisáhrifa af innri rekstri FAS og varðar allt starfsfólk stofnunarinnar. FAS er á Höfn í Hornafirði en starfsemin fer víðar fram og þá einkum í tengslum við námsferðir, ferðir starfsfólks og vettvangsnám í fjallamenndsku. Lögð er áhersla á að mæla þá umhverfisþætti sem falla undir umfang stefnunnar.

Markviss fræðsla um umhverfis- og loftslagsmál

Umhverfis- og loftlagsmál eru hluti af skólanámskrá FAS. Í umhverfisstefnu skólans er gert ráð fyrir að starfsmenn og nemendur séu upplýstir um áhrif ákvarðana og aðgerða þeirra á umhverfið og að allir nemendur njóti umhverfismenntunar. Fræðslu um umhverfismál er fléttat að inn námið í einstaka áföngum. Á stúdentsbrautum er umhverfis- og auðlindafræði hluti af kjarna og í öllum vettvangsferðum á vegum skólann eru umhverfismál hluti námsins. Á hverju ári er farið með nemendur í mælingar á jökulsporðum, gróðurframvindu á Skeiðarársandi og fuglar taldir á Höfn og í Lónsveit. Í fjallamenndskunámi er lögð áhersla á verndun náttúru og umhverfis, að ferðast fallega (Leave No Trace) og góða umgengni. Einnig er lögð áhersla á menntun um sjálfbærni og loftslagsvá.

FAS er hluti af Nýheimum sem miðstöð þekkingarsamfélagsins á svæðinu. Innan Nýheima er lögð áherslu á skapandi samvinnu um menntun, menningu, rannsóknir og nýsköpun. Í öllum þessum þáttum eru umhverfismál stór þáttur ekki hvað síst vegna nálægðar við jöklar og áhrifanna sem þeir hafa á daglegt líf á svæðinu.

Eftirfylgni

Frá árinu 2020 hefur FAS haldið *Grænt bókhald* þar sem teknir eru saman þýðingarmestu umhverfisþættir í starfseminni. Niðurstöður bókhaldsins eru notaðar til að móta stefnu og aðgerðir í umhverfis- og loftslagsmálum.

Fyrir 1. apríl ár hvert er *Grænt bókhald* fyrra árs tekið saman og því skilað í Gagnagátt Umhverfisstofnunar. Skrifstofustjóri sér um að taka bókhaldið saman. Umhverfis- og loftslagsstefnan er rýnd árlega af umhverfisteymi og áherslur, markmið og aðgerðaáætlun uppfærð þegar niðurstöður *Græns bókhalds* liggja fyrir. Allar uppfærslur verða lagðar fyrir á starfsmannafundi til samþykktar.

Niðurstöðum *Græns bókhalds* og árangri umhverfis- og loftslagsstefnu er miðlað til samfélagsins á vef Umhverfisstofnunar ár hvert. Einnig birtast niðurstöður *Græns bókhalds* á [heimasíðu Grænna skrefa](#) ásamt niðurstöðum annarra ríkisstofnana.

Skólameistari ber ábyrgð á að umhverfis- og loftslagsstefnu sé framfylgt. Stefnuna má nálgast á vefsíðu skólans undir [skólinn](#).

Framgang stefnunnar má nálgast á vefsíðu skólans og í ársskýrslu.

Umhverfisteymi sér um að endurskoða stefnuna og skal hún endurskoðuð árlega.

Stefnan rýnd og samþykkt af starfsfólk 22.10. 2021. Endurskoðuð 16.11.2021 eftir yfirlestur Umhverfisstofnunar.

Áherslur í umhverfis- og loftslagsmálum

- Drögum úr losun GHL vegna samgangna og viðhöldum þeirri fjarfundamenningu sem nú þegar hefur skapast
- Aukum endurvinnslu og drögum úr úrgangsmýndun og losun GHL vegna úrgangs
- Hugum að orkusparnaði og drögum úr losun GHL vegna orkunotkunar
- Fræðum starfsfólk um innra umhverfisstarf og önnur umhverfismál
- Hvetjum til aukinnar umhverfisvitundar í samfélaginu
- Stundum umhverfisvæn innkaup
- Fylgjum Grænum skrefum
- Kolefnisjöfnum losun okkar með ábyrgum hætti
- Kynnum okkur og nýtum tæknilegar lausnir sem auðvelda umhverfisstarf

Loftslagsmarkmið

Loftslagsbreytingarnar af mannavöldum grafa undan skilyrðum til lífs á jörðinni. Það er því hagur bæði núlifandi og framtíðarkynslóða að draga úr áhrifum þeirra eins og mögulegt er. FAS ætlar að vera til fyrirmynnar í umhverfis- og loftslagsmálum og hefur sett sér loftslagsmarkmið í samræmi við umhverfis- og loftslagsstefnu. Markmið okkar er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40% til ársins 2030 miðað við árið 2019.

Hér má sjá hvernig markmiðið skiptist milli mismunandi flokka; samgangna, orkunotkunar og úrgangs. Stærstur hluti losunar frá starfi FAS er til kominn vegna vegasamgangna og ferða starfsfólks og nemenda til og frá vinnustað. Ætlum við að ná mestum samdrætti þar með því að draga úr akstri eins og hægt er og stuðla að umhverfisvænni samgöngum. En einnig hefur verið nokkur losun vegna úrgangs sem við ætlum að draga úr.

- Vegasamgöngur 50%
- Flug 50%
- Orkunotkun 10%
- Úrgangur 40%

Eftirstandandi losun hvers árs vegna þessara þátta verður kolefnisjöfnuð með kaupum á áreiðanlegum kolefniseiningum.